



Menningar-, nýsköpunar-, og háskólaráðuneyti

Greining á rekstrar- og launagögnum Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík ehf.

Framhaldsverkefni úttektar frá 2024

KPMG

Júlí 2025

Samantekt



Ef RIFF á að njóta opinberra styrkja er mikilvægt að hátíðin móti stefnu og langtímaáætlun í samstarfi við styrkveitendur til að tryggja stöðugleika, uppbyggingu innviða við þróun hátíðarinnar og framtíðarmarkmið hennar í samræmi við stefnu stjórnvalda.”

Úr niðurstöðum fyrri skýrslu

Gerðar hafa verið tvær úttektir á starfsemi RIFF. Markmið þeirrar fyrri var að rýna starfsemi RIFF og meta efnahagslegan og menningarlegan ávinning af rekstri kvikmyndahátíðarinnar. Síðari úttektinni var ætlað að varpa skýrara ljósi á ýmsa rekstrarlega þætti hátíðarinnar.

Eftirfarandi er samantekt á helstu niðurstöðum beggja úttekta:

Umgjörð styrkveitinga

- Bæta þarf markmið og lykilmælikvarða styrktarsamninga til að auðvelda markvisst eftirlit og endurgjöf.
- Eðlilegt er að gagnsæ upplýsingagjöf varði meðferð opinbers styrkfjár.
- Viðmið um styrkveitingar ætti að tengja við alþjóðleg viðmið og ramma um opinbera styrki.
- Skerpa þarf á kröfum til styrkþega um að mæta markmiðum málefnasviðs 18, menningar- og kvikmyndastefnu Íslands.

RIFF til framtíðar

- Tækifæri felast fyrir RIFF í að móta framtíðarsýn og skýra stefnu til lengri tíma. Með því er upplýst hvert hátíðin stefnir og hvernig leiðin skuli vörðuð.
- Leggja skal áherslu á gagnsæi og fagmennsku í rekstri hátíðarinnar til að tryggja ábyrga ráðstöfun opinbers styrkfjár og byggja traust milli styrkveitenda og styrkþega.
- Efla skyldi samstarf hátíðarinnar við fagfélög og menntastofnanir svo hátíðin stuðli að aukinni þekkingu og fagmennsku í kvikmyndageiranum.
- RIFF hefur glímt við áskoranir tengdar fjármögnun, stjórnarháttum, fjármálastjórn, samskiptum og sjálfbærni.

Rekstrarþættir

- Skýringar stjórnarformanns og gögn sem send voru að loknu gagnakalli í júní 2025 skýra mörg atriði sem voru óljós við lok fyrri úttektar.
- Framsetning víkjandi láns í ársreikningi 2023 og 2024 er í samræmi við venju þar um en taka hefði átt fram í að víkjandi lán væri veitt til tengds aðila.
- Félagið hefur staðið skil á opinberum gjöldum skv. framlögðum gögnum [REDACTED]
- Ekki var hægt að greina sundurliðun á lykilútgjaldaliðum af framlögðum gögnum félagsins.

Inngangur, bakgrunnur og yfirlit niðurstaðna

Inngangur

Haustið 2024 var unnin ítarleg úttekt á menningar- og viðskiptalegu framlagi Reykjavík International Film Festival (RIFF) þar sem m.a. var skoðað hvort samningar við RIFF væru í samræmi við markmið stefnu málefnasviðs 18 og að starfsemi RIFF sem fjármögnuð er af opinberu fé væri í samræmi við samninga og skilyrði sem þar koma fram.

Í kjölfar úttektarinnar óskaði ráðuneytið eftir viðauka þar sem sérstök áhersla væri lögð á að greina með óháðum hætti gagnsæi, fjárhagslegt aðhald og ábyrgð í starfsemi félagsins, með áherslu á launagreiðslur, verktakagreiðslur, rekstrarkostnað og innri fjármagnshreyfingar í ljósi þess að fyrirtækið nýtur opinbers fjárstuðnings

Sú greining fór fram á vormisseri 2025 og er sett hér fram í lokaskýrslu, ***Greining á rekstrar- og launagögnum Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík ehf.***

Skýrslan tekur ekki afstöðu til almennrar starfsemi Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík ehf. (hér eftir AKR eða félagið), markmiða þess né gilda, heldur metur eingöngu afmörkuð atriði sem snúa að rekjanleika og skjalfestingu rekstrarlegra þátta.

Sérstakt tillit er tekið til þess í úttektinni að smæð félagsins sé þess eðlis að erfitt er að koma að aðgreiningu starfa, skv. könnunarbréfi endurskoðanda vegna ársreiknings 2023,

Skv. könnunarbréfinu hefur framkvæmdastjóri félagsins aðgang að bókhaldi, millifærsluaðgang og samþykkir reikninga. Fram kemur að til staðar sé ráðgefandi stjórn, sem fer yfir kostnaðarreikninga og annað tilheyrandi, en kemur þó ekki í veg fyrir að aðgreining starfa hefur ekki raungerst að fullu.

Í ljósi þessa, var skýrt tekið fram í gagnaköllum til félagsins, að ekki væri gerð krafa um gerð og framlagningu gagna sem ekki lægju þegar fyrir í almennum rekstri félagsins.

Markmið verkefnis

Drög að niðurstöðum voru lögð fram til ráðuneytisins og birt stjórnendum Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík ehf. (einnig nefnt AKR eða félagið) til umsagnar 3. júní 2025. Drögin byggðu alfarið á þeim gögnum sem KPMG hafði þá undir höndum, þ.e. opinberum gögnum í fyrirtækjaskrá, innsendum uppfærðum ársreikningum sem og þeim gögnum sem bárust frá ráðuneytinu fyrir hönd AKR samkvæmt gagnabeiðni. Einnig var stuðst við gögn sem lágu fyrir í kjölfar fyrri úttektar, m.a. gögn sem lögð voru fram af AKR.

Á fundi ráðuneytis með AKR komu fram athugasemdir frá stjórnendum félagsins og var teymi KPMG falið að kalla eftir frekari gögnum í samráði við ráðuneytið. Formleg beiðni um viðeigandi gögn var send 6. júní. Óskað var eftir að gögnum væri skilað í síðasta lagi 12. júní 2025. Að beiðni AKR var gefinn frestur til 19. júní til að skila viðbótargögnum.

Viðbótargögn og skýringar bárust í tölvupóstum frá stjórnarformanni AKR 19., 20., 26. og 28. júní 2025 en ljóst er að ekki eru til staðar fyrirbyggjandi gögn er varða ýmis atriði gagnakalls. Skýringar stjórnarformanns voru í einhverjum tilfellum metnar fullnægjandi og að mörgu leyti varpa innsend gögn ásamt þeim skýrara ljósi á rekstur félagsins.

Beiðni ráðuneytisins um helstu afurðir verkefnis

- **Ítarleg launagreining**
Greining á launum samkvæmt ársreikningi, sundurliðun á launagreiðslum eftir einstaklingum og samanburður við staðgreiðsluskrá RSK.
- **Sundurliðun verktakagreiðslna**
Sundurliðaðar upplýsingar um verktaka og gögn sem styðja vinnuframlag þeirra, svo sem reikninga, til að greina tímakaup og taxa.
- **Sundurliðun rekstrarkostnaðar á bókhaldsliði**
Ítarleg greining á öllum rekstrarkostnaði, flokkað eftir bókhaldsliðum.
- **Sundurliðun rekstrarkostnaðar á mánuði**
Greining á gjaldfærslum á hverjum mánuði, með sérstaka áherslu á mánuði þar sem hátiðin er ekki í gangi.
- **Sundurliðun millifærslna**
Greining á millifærslum milli bankareikninga félagsins og eiganda/framkvæmdastjóra til að meta gagnsæi og lögmæti.
- **Heildarsamantekt og ábendingar**

KPMG byggir í hvívetna niðurstöður sínar á gögnum sem og formlega skráðum og skjalfestum heimildum, sbr. verklýsingu verkefnisins.

Gagnabeiðni 6. júní 2025

1. Víkjandi lán framkvæmdastjóra	- Samningur eða önnur skjöl sem sýna tilurð, tímabil og upphæð víkjandi láns eiganda/framkvæmdastjóra til félagsins og samsetningu þess sem ógreidd laun, orlof og/eða annað.* - Sundurliðun og tímasetning endurgreiðslna lánsins á árinu 2024. Hvaða tímabili tilheyra þær og hvenær voru launatengd gjöld greidd af þeim hluta lánsins sem eru ógreidd laun? Óskað er eftir staðfestingu (svo sem launamiðum eða annarri staðfestri sundurliðun). - Skýringar á því hvers vegna umrædd krafa er ekki bókuð sem launaskuld eða skuld við tengdan aðila í ársreikningum og á hvaða grundvelli hún var síðar færð sem víkjandi lán. Staðfesting á ákvörðun stjórnar um þessa ráðstöfun, t.d. í fundargerðum.	- Afrit af skuldabréfi sent og skýringar stjórnarformanns á tilurð láns. - Upplýsingar um endurgreiðslu lánsins ekki sendar né staðfestingar á innágreiðslum.	- Fullnægjandi svör og skýringar stjórnarformanns AKR á tilurð láns. - Ekki hægt að meta með fullnægjandi hætti.
2. Samningar og starfssambönd	- Ráðningarsamningar eða önnur formleg gögn um ráðningu og kjör framkvæmdastjóra.* - Samningar, reikningar og/eða tímaskýrslur helstu (stærstu) verktaka 2022-2024 eða aðrar upplýsingar sem varpa ljósi á umfang vinnu þeirra og tengsl við verkefni hátíðarinnar.*	- Ráðningarsamningur barst ekki. - Verktakamiðar afhentir	- Ekki hægt að meta. - Í lagi.
3. Rekstur og bókhald	- Ársreikningur 2024 með tilheyrandi skýringum og staðfestingarbréfi.* - Sundurliðuð mánaðarleg yfirlit yfir rekstrargjöld úr bókhaldskerfi 2022-2024. Skýra má fastan rekstrarkostnað og árstíðabundinn, sérstaklega utan hefðbundins hátíðartíma.* - Nánari skýringar eða sundurliðun á liðum á borð við: „gjafir og styrkir“, „risna og gjafir“, „aðkeypt þjónusta“, ferðakostnað (t.d. fæði og hótél) og dagpeninga. - Staðfest bankayfirlit yfir allar færslur 2022–2024.	- Ársreikningar afhentir. - Yfirlit ekki send né skýringar eða sundurliðun á tilgreindum liðum. - Bankayfirlit ekki sent.	- Fullnægjandi skýring - Ekki hægt að leggja mat á annað.
4. Ráðstöfun styrkja	Sundurliðun og skýringar á nýtingu opinberra styrkja: Ráðuneytisins (þ.m.t. frá fjárlaganefnd og List fyrir alla) og Kvikmyndamiðstöðvar Íslands 2022-2024.	Greinargerðir til styrkveitenda sendar.	Gögn höfðu áður verið send.
5. Annað	- Skýringar á ósamræmi milli ársreikninga: Opinbera útgáfa 2022 og 2023 á vef RSK og þeirra sem sendir voru KMÍ í endurgerð. - Önnur gögn sem RIFF telur mikilvægt að KPMG hafi til hliðsjónar við lokaúrvinnslu úttektarinnar.	- Samantekt á staðgreiðslu og tryggingagjaldi send. - Upplýsingaskjal um ákvarðanir stjórnar.	- Skýringar fullnægjandi. - Samantekt ekki ígildi fundargerðar.

* Óskað hafði verið eftir tilgreindum gögnum í fyrri úttekt á áhrifum og árangri RIFF..

Yfirlit niðurstaðna

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið fól KPMG að framkvæma ítarlega fjárhagslega úttekt á rekstri Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík ehf. (AKR), með áherslu á gagnsæi, fjármálastjórn og hvort stjórnarhættir og rekstur félagsins uppfylli skilyrði fyrir opinbera styrkveitingu.

- Úttektin nær til rekstraráranna 2022 og 2023, auk ársins 2024 eftir því sem gögn leyfðu (ársreikningur 2024 birtist í fyrirtækjaskrá í maí 2025).
- Greind voru sérstaklega: Launagreiðslur, verktakagreiðslur, millifærslur, sundurliðun rekstrarkostnaðar og fjárhagslegt aðhald.
- Byggt var á gögnum innsendum af AKR til ráðuneytis og opinberum heimildum auk þess sem sérstakt gagnakall gaf AKR tækifæri til að senda inn ítarleg gögn vegna ofangreindra skoðunarliða.
- KPMG hafði ekki beint samráð við AKR til að gæta samræmis og uppruna gagna en fundað var með fulltrúum AKR að þeirra beiðni til að móttaka athugasemdir og ræða framvindu verkefnisins.
- Athugasemdir AKR voru meðhöndlaðar með hliðsjón af verklagi Ríkisendurskoðunar og gerð er grein fyrir þeim helstu í skýrslunni.

Helstu niðurstöður

- **Stjórnarhættir og ábyrgð**
Fram til ársins 2024 var engin virk stjórn starfandi hjá félaginu. Ekki liggja fyrir fundargerðir stjórnar. Bætt var úr skráningu stjórnar hjá fyrirtækjaskrá eftir fyrri úttekt og stjórnarformaður tók til starfa árið 2025.
- **Laun og víkjandi lán**
Vangoldin laun framkvæmdastjóra voru færð yfir í víkjandi lán með 10% vöxtum og vísitölutengingu 2023. [REDACTED]
- **Verktakagreiðslur**
Greiðslur til verktaka eru skv. framlögðum verktakamiðum sem stjórn AKR lagði fram.
- **Millifærslur og gagnsæi**
Ekki voru lögð fram gögn sem sýna fjárhagslegar hreyfingar milli félagsins og framkvæmdastjóra.
- **Ársreikningar og uppgjör**
Ársreikningar 2022 og 2023 voru endurgerðir eftir fyrri úttekt KPMG og sendir sem gögn til ráðuneytisins. Eldri útgáfa reikninga er þó enn (09.05.25) birt í ársreikningaskrá. Ekki er lagt mat á breytingar milli ársreikninganna.
- **Eiginfjárstaða og sjálfbærni**
Eiginfjárstaða í lok árs 2023 var neikvæð um 25,7 m.kr. og í lok árs 2024 var hún neikvæð um 13,3 m.kr.

Ábendingar við lok úttektar

- **Stjórnarhættir og ábyrgð**

Fram til ársins 2024 var engin virk stjórn starfandi hjá félaginu og ekki liggja fyrir fundargerðir stjórnar. Bætt var úr skráningu stjórnar hjá fyrirtækjaskrá eftir fyrri úttekt og stjórnarformaður tók til starfa árið 2025.

Mikilvægt er að fyrir liggi ítarleg skjöl og aðhald til stuðnings stefnumarkandi eða íþyngjandi ákvörðunum um starfsemi félags þó heimilt sé að framkvæmdastjóri taki einn ákvarðir er varða félagið.

- **Laun, víkjandi lán og verktakagreiðslur**

Vangoldin laun framkvæmdastjóra voru færð yfir í víkjandi lán með 10% vöxtum og vísitölutengingu 2023.

Taka hefði átt fram í ársreikningi að víkjandi lán væri veitt til tengds aðila.

Miða skyldi við raunverulegt framlag í hverjum mánuði svo munur milli uppgjörs og skilagreina verði ekki mikill í árslok þegar gerð eru upp heildarlaun framkvæmdastjóra.

Greiðslur til verktaka eru skv. framlögðum verktakamiðum frá stjórn AKR.

- **Trúverðugleiki og gagnsæi**

Með skýrari ramma og viðmiðum um árangur og áhrif styrkveitinga er mögulegt að skilyrða notkun styrkfjár og stuðla að betri eftirfylgni við árangur af styrkveitingum.

Reikningsskil byggjast á meginreglum um trúverðugleika og rekjanleika. Ef sami aðili gegnir lykilhlutverki í bókhaldi, ákvarðanatöku og framkvæmd, jafnvel með ómarkvissu ytra aðhaldi, getur myndast áhætta af skekkju og ógagnsæi sem bitnað getur á trausti til aðila um meðferð opinbers styrkfjár.

Styrkveitingar

Um skilyrði styrkveitinga

Í samræmi við lög og reglur sem gilda um meðferð opinbers fjár skal styrkfjármunum ráðstafað í samræmi við skilgreind markmið, skýr viðmið og gagnsæi:

Lög nr. 123/2015 um opinber fjármál – 42. gr.

„Ráðherra má aðeins veita styrki sem samrýmast stefnu og markmiðum viðkomandi málefnasviðs. Útgjöld skulu styðja við skilgreind markmið og árangur.“

- Lög um opinber fjármál nr. 123/2015
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2015123.html>

Reglugerð nr. 642/2018 um styrkveitingar ráðherra – 5. gr.

„Styrkir skulu veittir á grundvelli fyrirfram skilgreindra viðmiða, faglegs mats, gagnsæis og jafnræðis.“

- Reglugerð nr. 642/2018 um styrkveitingar ráðherra
<https://island.is/reglugerdir/nr/0642-2018>

Í fyrri úttekt á árangri og áhrifum RIFF kom almennt fram „að markmið styrkveitinga séu ekki nægilega skýrt sett fram í samningum um styrki frá opinberum aðilum til RIFF“. (bls. 31) Því var beint til ráðuneytisins að samningar um styrkveitingar skyldu innihalda skýrari árangurmarkmið sem tengjast stefnuáherslum og framtíðarsýn ráðuneytis.

Kvikmyndamiðstöð Íslands setur fram allskýran ramma fyrir styrkumsóknir, styrkveitingar og meðferð styrkfjár (sjá næstu blaðsíðu), sem hér er lagður fram til upplýsinga og leiðbeiningar til ráðuneytisins um endurmat á ramma styrkveitinga þess.

- Úthlutunarreglur KMÍ um styrki til kvikmyndahátíða
https://www.kvikmyndamidstod.is/media/skjol/Skilmalarstyrkja_syning-listraenna-mynda_C.pdf

Skilyrði KMÍ vegna styrkja til kvikmyndahátíða (2020)

Skilyrði fyrir styrkumsókn - samantekt

- Kvikmyndahátíð skal haldin á Íslandi og vera opin almenningi.
- Umsókn skal fylgja:
 - Kynning og greinargerð um dagskrárstefnu og framkvæmd hátíðar.
 - Áætluð dagskrá (kvikmyndasýningar og tengdir viðburðir).
 - Upplýsingar um aðstandendur og starfsreynslu.
 - Rekstraráætlun með sundurliðun helstu tekna og kostnaðarliða.
 - Greinargerð um helstu kostnaðarliði, m.a.:
 - Laun og verktakagreiðslur.
 - Sýningarrétt, sýningaraðstöðu, markaðskostnað.
 - Ferða- og móttökukostnað.
 - Almennan stjórnunar- og utanumhaldskostnað.
- Fjármögnunaráætlun og yfirlit yfir aðra styrki og tekjur.

Uppgjör og eftirfylgni

- Skriflegt samkomulag skal gert um styrkveitingu.
- Styrkþegi skal skila:
 - Fjárhagsuppgjöri.
 - Greinargerð um framkvæmd hátíðar.

Mat við styrkveitingu byggir á

- Því hvort hátíðin uppfylli markmið KMÍ um að efla kvikmyndamenningu og fjölbreytni í kvikmyndaframboði.
- Dagskrá, hliðardagskrá og tengingu við markhópa og samfélag.
- Þátttöku erlendra gesta, viðburða, námskeiða og samfélagssamskipta.

<https://www.kvikmyndamidstod.is/umsoknir-milli/adrir-styrkir/styrkir-til-kvikmyndahatida/>

<https://www.kvikmyndamidstod.is/media/skjol/Styrkir-til-kvikmyndasyninga-kvikmyndahatidir-og-listraen-kvikmyndahus.pdf>

Fjármögnun AKR og hlutverk styrkveitenda

AKR hefur í gegnum árin fengið styrki útgreidda eftir mismunandi styrkveitingaleiðum. KPMG hefur ekki upplýsingar um hvernig þeir styrkir skiptast eða kunnugt um hvort þeir hafi verið veittir til AKR. AKR hefur einnig notið styrkja ýmissa fyrirtækja og einkaaðila.

Til þess að tryggja skýran skilning á hlutverki ólíkra aðila er hér gerð grein fyrir helstu flokkum og hver beri ábyrgð á samningum og útgreiðslu skv. upplýsingum KPMG.

Styrkir skv. fjárlögum

- Samþykktir af fjárlaganefnd Alþingis sem hluti af fjárlagafrumvarpi.
- Ráðuneytið er samningsaðili, en hefur ekki frumkvæði að útdelingu.

Styrkir úr minni sjóðum ráðuneytisins

- T.d. List fyrir alla og Barnamenningarsjóður.
- Sjálfstæðar úthlutunarnefndir gera tillögur að styrkjum, ráðuneytið annast samningsgerð og greiðslur.
- Skilyrt af reglum hvers sjóðs.

Styrkir úr Kvikmyndasjóði

- Veittir af Kvikmyndamiðstöð Íslands (KMÍ).
- KMÍ heyrir undir ráðuneytið en starfar með sjálfstæðu faglegu mati samkvæmt eigin úthlutunarreglum.
- KMÍ er bæði samningsaðili og útgreiðsluaðili.

Víkjandi lán framkvæmdastjóra

Svör AKR vegna gagnabeiðni um víkjandi lán

Úr svörum stjórnarformanns (júní 2025)

- Lagt fram skuldabréf vegna víkjandi láns undirritað af Hrönn Marinósdóttur fyrir hönd AKR.
- Stjórnarformaðurinn lýsir víkjandi láninu sem sameiginlegri stöðu vangoldinna launa og beinna lánveitinga frá eiganda, færð yfir í víkjandi lán árið 2022
- Öll laun framkvæmdastjóra eru meðhöndluð skattalega eins og ber að gera og hafi ekki verið greiðslugeta til staðar hafa þau verið færð sem skuld á viðskiptareikningi eiganda sem síðar varð færður sem víkjandi lán
- Ógreitt orlof er ekki hluti af láninu.
- Skil á sköttum fóru fram þegar laun voru reiknuð og staðið skil á þeim sem og tryggingagjaldi. Mánaðarleg laun framkvæmdastjóra voru ávallt reiknuð á réttum tíma og sköttum þeim tengdir var skilað á réttum tíma.

Ábendingar KPMG

- Skuldabréf vegna víkjandi láns var lagt fram við gagnakall og telst fullnægjandi til upplýsingar um víkjandi lán félagsins.
- Félagið hefur ekki lagt fram skjöl eða fundargerðir sem sýna bókfært samþykki eða ákvarðanatöku stjórnar eða framkvæmdastjóra.
- Þegar kemur að víkjandi lánum geta þau haft eiginleika sem bera með sér að vera ígildi eigin fjár. Ber því að flokka þau sem slík.
- Framsetning víkjandi láns í ársreikningi 2023 og 2024 er í samræmi við venju þar um en taka hefði átt fram í að víkjandi lán væri veitt til tengds aðila.



Skýringar stjórnarformanns – Víkjandi lán

Tilurð og eðli víkjandi láns

- „Skuldabréf vegna víkjandi láns“ að höfuðstól 15 m.kr. var lagt fram. Skuldabréfið er undirritað 31.12.2022 af Hrönn Marinósdóttur fyrir hönd félagsins, en óvottað.
- Tilurð og tímabil lánsins höfðu þegar verið send ráðuneytinu.
- Samsetning þess í gagnabeiðni var sögð rangtúlkuð:
„Varðandi samsetningu lánsins þá hefur í gagnabeiðninni verið blandað í það orlofi. Áfallið orlof er reiknuð skuldbinding sem greiðist þegar launþegi tekur sér frí og fær greidd laun án vinnuframlags. Það hefur ekkert að gera með lán til félagsins og á launþegi engan rétt til kröfu þess öðruvísi en í formi launa sem þá reiknast af skattar.“
- Skýrt kemur fram að það hafi ekki verið ákvörðun stjórnar að færa þetta sem víkjandi lán:
„Þetta er ekki ákvörðun stjórnar, það er alfarið lánveitandans að ákvarða hvort lán er víkjandi eða ekki. Hann ræður því en stjórn getur hafnað því, sem hún gerði ekki.“
- Skýrt kemur fram að greiðslur voru ekki tengdar áföllnu orlofi.

Ábendingar KPMG

- RIFF hefur greitt víkjandi lánið niður að hluta á árinu 2024, samtals 17,3 m.kr. samkvæmt ársreikningi 2024.
- Óskað var eftir sundurliðun og staðfestingu á greiðslum og hvort greidd hafi verið launatengd gjöld, en skýrt er í bréfinu að hluti lánsins sé ekki tilkominn vegna orlofs heldur sem viðurkennt endurgjald fyrir ógreidd störf.
- Ekki voru lögð fram gögn um staðfestingu á greiðslum lánsins en á skuldabréfi kemur fram að greiða skuli vexti árslega og afborgun lánsins sé að lánstíma liðnum.

Samningar og starfssambönd

Launagreiðslur

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]


[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

Staðgreiðsla af launum framkvæmdastjóra

- Skv. Staðgreiðsluskrá er greidd mánaðarleg staðgreiðsla af launum framkvæmdastjóra og virðist miðað við um tæp kr. [REDACTED] heildarlaun á mánuði við útreikning miðað við skattareiknivél Skattsins.
- Í desember hvert ár greiðir framkvæmdastjóri mun hærri staðgreiðslu. Bendir þetta til uppgjors launa í lok hvers rekstrarárs og þess að laun séu reiknuð mánaðarlega, en mögulega ekki að fullu greidd. Þ.e. gögn benda til þess að sömu skilagrein vegna launa sé skilað til skattsins yfir allt árið en í árslok sé raunverulegt launaframlag skilgreint. Að því sögðu er heildarlaunum stillt upp og gerður launamiði til samræmis við það.
- Ekki er óalgengt að launauppgjóri einyrkja sé með þessum hætti en með réttu ætti að miða við raunverulegt framlag í hverjum mánuði svo munur milli uppgjors og skilagreina sé ekki jafnmikill eins og hér er.



Skýringar stjórnarformanns – Samningar og starfssambönd

Varðandi starfskjör og samstarf við verktaka

- Framkvæmdastjóri hefur verið starfandi frá upphafi og laun hans hafa hækkað í takt við almennar launabreytingar.
- Framlagður var listi yfir árslaun 2010–2023.
- Yfirlit yfir störf framkvæmdastjóra og skráð launabil send í tölvupósti til úttektaraðila, byggt á launamiðum og staðgreiðsluskrá.
- Send voru sýnishorn af verktakasamningum vegna 2024 en almennt er ekki haldið utan um tímaskýrslur eða gerð krafa um slíkt til verktaka.
- Félagið hefur boðið úttektaraðila að skoða alla samninga við verktaka að beiðni.

Ábending KPMG

- Ráðningarsamningar eða önnur formleg gögn um ráðningu og kjör framkvæmdastjóra bárust ekki. Ráðningarsamningur hefði gefið skýrari forsendur fyrir mat á launagreiðslum og vægi þeirra í víkjandi láni.
- Tilvist slíks samnings hjá félagi sem fær opinbera styrki eykur gagnsæi.

Rekstur, bókhald og ráðstöfun styrkja

Örfélag

AKR telst örfélag og hafa verður í huga takmarkaða getu félagsins til að standa skil á ítarlegum rekstrar- og bókhaldsgögnum.

Sem örfélag hefur félagið skilað ársreikningi í gegnum „hnapp“ Ríkisskattstjóra sem gefur takmarkaðri upplýsingar en ella.

Úr svörum stjórnarformanns

- Ársreikningar 2022, 2023 og 2024 voru afhentir og sundurliðaðir ársreikningar sendir úttektaraðila bæði í september 2024 og febrúar 2025. Samkvæmt svörum eru reikningarnir í samræmi við kröfur skattsins og svipuðum hætti fram settir og hjá sambærilegum örfélögum.
- Staðfestingarbréf vegna ársreikninga liggur ekki fyrir þar sem slíkt sé ekki venjan fyrir óendurskoðuð verkefni.
- Allar færslur milli framkvæmdastjóra og félagsins eru sagðar skráðar í bókhaldsgögnum, þótt ekki hafi verið talin sérstök þörf á að skjalfesta þær frekar með fundargerðum eða formlegum samþykktum.

Ábendingar KPMG

- Af framlögðum gögnum félagsins er ekki hægt að meta nægjanlega sundurliðun á lykilútgjaldaliðum, s.s. risnu, ferðakostnaði og dagpeningum og sömuleiðis leyfisgjöldum og aðkeyptri þjónustu. Þó svo ekki sé gerð krafa um slík skil opinberlega eykur slíkt gagnsæi og dregur úr áhættu við mat á styrkhæfi.
- Það sama má segja um önnur staðfestingargögn, s.s. fundargerðir stjórnar og samþykktir sem styðja mikilvægar ráðstafanir í fjárhag félagsins. Mikilvægt er að fyrir liggi ítarleg skjöl og aðhald til stuðnings stefnumarkandi eða íþyngjandi ákvörðunum um starfsemi félagsins þó heimilt sé að framkvæmdastjóri taki einn ákvarðir er varða félagið.
- Reikningsskil byggjast á meginreglum um trúverðugleika og rekjanleika. Ef sami aðili gegnir lykilhlutverki í bókhaldi, ákvarðanatöku og framkvæmd, jafnvel með ómarkvissu ytra aðhaldi, getur myndast áhætta af skekkju og ógagnsæi sem bitnað getur á trausti til aðila um meðferð opinbers styrkfjár.

Skýringar stjórnarformanns – Rekstur, bókhald og styrkir

Úr svörum stjórnarformanns

- Greiðslur inn á víkjandi lán framkvæmdastjóra eru sagðar meðhöndlaðar í bókhaldi sem afborganir, ekki sem laun. Orlof er skráð sem skuldbinding og greitt út sem laun með tilheyrandi skattskilum þegar orlofsrétturinn er nýttur.
- Skýringar liggja fyrir á víkjandi láni og breytingu þess í ársreikningi 2022. Aðeins skuld við eiganda var til staðar og ekki var talin þörf á að uppfæra ársreikning á ný eftir breytingu.
- Stjórnarformaður telur allar upplýsingar um starfsemi, fjármögnun og ráðstöfun styrkja hafa verið afhentar og að í bókhaldi félagsins sé unnt að rekja útgjöld og millifærslur eftir þörfum.

Ábendingar KPMG

- Í lok árs 2023 var eiginfjárstaða neikvæð um 25,7 m.kr. sem er að mestu tilkomin vegna víkjandi láns við eiganda og framkvæmdastjóra félagsins. Eiginfjárstaða félagsins er í árslok 2024 neikvæð um 13,3 m þrátt fyrir hagnað.
- Framlagðar greinargerðir um markmið og árangur RIFF fela ekki í sér markvissa greinargerð til styrkveitenda um ráðstöfun styrkfjár frá hverjum og einum.
- Með skýrari ramma og viðmiðum um árangur og áhrif styrkveitinga er mögulegt að skilyrða notkun styrkfjár og stuðla að betri eftirfylgni við árangur af styrkveitingum.
- Með slíkri sundurliðun er enn frekar stuðlað að gagnsæi um meðferð opinbers styrkfjár, bæði af hendi styrkveitenda og styrkþega.

